

## Hvar verpa skógarfuglarnir?

### ALMENNAR UPPLÝSINGAR

**Markmið:** Að nemendur átti sig á því hvaða skilyrði þurfa að vera til staðar svo tilteknar fuglategundir búi sér hreiður og reyni að koma upp ungum. Eykur þekkingu á umhverfinu og eflir hæfni í greiningu á aðstæðum.

**Námsgreinar:** Náttúrufræði, upplýsingatækni.

**Aldur:** Öll aldurstig.



### VERKLÝSING

Vettvangsferð í grenndarskóg, best að vinna á varptíma skógarfugla. Með verkefninu er gert ráð fyrir að nemendur leiti að hreiðurstæðum tiltekinna fuglategunda og finni út hvar sé líklegast að þær sé að finna. Hvernig haga fuglarnir sér í og við hreiðurstæði sínu og hvar velja þeir sér helst hreiðurstað? Hvað nýta þeir í hreiðurgerðina og nýta þeir sömu hreiðrin eða hreiðurstæðin fleiri en eitt ár? Nemendur skrá niður upplýsingar sínar og kynna semnemendum niðurstöðurnar. Mikilvægt er að nemendur hafi leitað sér upplýsinga í bókum eða á netinu áður en farið er í skoðunarleiðangur.

Nefna má skógarpröst, auðnutittling, músarrindil, hrossagauk og glókoll sem dæmi um tegundir sem gott er að kynna sér.

### UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Leitað er upplýsinga í bókum og annars staðar og kortlagt hvar sé helst að leita að hreiðrum einstakra tegunda áður en lagt er af stað í könnunarleiðangur.

Einstakir nemendur kunna að búa yfir þekkingu og reynslu sem þeir geta miðlað til annarra áður en lagt er af stað í leiðangurinn.

**Með á vettvang:** Skriffæri og blöð til skráningar niðurstaðna og myndavél.

**Ítarefni:** Fuglabækur, vefir s.s. [fuglar.is](http://fuglar.is), [fuglavefur.is](http://fuglavefur.is) o.fl.